



Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 15. nóvember 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (raforkuöryggi o.fl.), 348. mál

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem gekk til atvinnuveganefndar Alþingis 26. október. Frumvarpið er endurflutt og í meginatriðum sambærilegt því sem var lagt fram á 153. löggjafarþingi. SA taka undir að raforkuöryggi og tryggt framboð raforku séu grundvallarþættir í þjóðaröryggi Íslands og nauðsynleg forsenda fjölbreyttrar atvinnustarfsemi og jákvæðrar byggðaþróunar. Öruggt framboð raforku er þannig forsenda hagsældar. Yfirvofandi orkuskortur er því verulegt áhyggjuefni og það er mikilvægt að útfæra viðmið um fullnægjandi raforkuöryggi og framboð á raforku og skýra hlutverk og ábyrgð aðila á raforkumarkaði við að tryggja raforkuöryggi. Breytingar frumvarpsins lúta að því að tryggja almenningi og smærri fyrirtækjum forgang komi til skömmtnar vegna óviðráðanlegra atvika, til að mynda vegna framboðsskorts. Að auki er mælt fyrir um söfnun og miðlun upplýsinga varðandi raforkuöryggi á heildsölumarkaði sem og viðmið fyrir raforkuöryggi. SA taka undir þau markmið sem sett eru með frumvarpinu en gera verulegar athugasemdir við þá leið sem farin er. Að mati samtakanna ættu stjórnvöld að róa öllum árum að því að auka framboð af raforku og styrkja og efla raforkukerfið til framtíðar í stað þess að taka upp skömmtnarkerfi fyrir raforku á Íslandi á meðan það er í höndum sömu stjórnvalda að koma í veg fyrir þá stöðu að skammta þurfi raforku. Skömmtnun ætti alltaf að vera neyðarúrræði. Aðalatriðið er að stjórnvöld einbeiti sér að aukinni raforkuframleiðslu og flýti fyrir framkvæmdum til orkuöflunar til að tryggja orkuöryggi og mæta raforkuþörf vegna orkuskipta. Helstu athugasemdir SA við frumvarpið eru eftirfarandi en samtökin vísa jafnframt til og taka undir umsagnir Samtaka iðnaðarins, Samorku og Viðskiptaráðs Íslands.

Raforkumarkaður á Íslandi er ekki tvískiptur líkt og frumvarpshöfundar virðast gera ráð fyrir. Raforkuþörf aðila á íslenskum raforkumarkaði er vissulega ólík eftir því hvort um ræðir heimili eða atvinnulíf og samningar um raforku þar af leiðandi ólíkir. Það breytir því hins vegar ekki að hér er eingöngu starfræktur einn markaður sem er grundvallaður á sömu raforkuinnviðum, s.s. virkjunum og flutnings- og dreifikerfi. Með 2. gr. frumvarpsins er notendum sem kaupa raforku til heimilisnota, mikilvægir samfélagslegir innviðir og fyrirtæki með færri en 50 starfsmenn og ársveltu sem er ekki yfir 1,5 milljörðum króna veittur forgangur ef til skömmtnar raforku kemur. Stærri fyrirtæki sem ekki hafa samið sérstaklega um skerðanlega notkun eru þannig undanskilin. Áhrifamat frumvarpsins er af verulega skornum skammti og gera samtökin alvarlegar athugasemdir við það. Þannig hefði verið nauðsynlegt að meta áhrif þessa á fyrirtæki sem eru stærri en framangreind viðmið. Loks hlýtur það að orka tvímælis að



undanskilja stór fyrirtæki á meðan þjónusta í almannabágu er í forgangi en sú þjónusta er oftast en ekki veitt af stærri fyrirtækjum sem oft teljast samfélagslega mikilvægir innviðir.

Með frumvarpinu er Orkustofnun falið vald til inngrips í starfsemi fyrirtækja, þ.e. Orkustofnun er gert að leggja mat á raforkuöryggi sem verður svo grundvöllur til skömmtunar raforku. Ráðherra er jafnframt heimilt að ákveða með reglugerð að flutningsfyrirtæki annist matið í heild eða að hluta og að því verði gert heimilt að krefjast gagna af fyrirtækjum sem hlut eiga að máli. Að mati SA eru varhugavert að fela Orkustofnun þetta vald þar sem stofnunin getur sjálf borið ábyrgð á því að aðstæður skapast sem hafa áhrif á raforkuöryggi. Vísast um þetta nánar til umsagnar Samtaka iðnaðarins. Loks gera SA athugasemd við að ráðherra geti með reglugerð framselt þetta vald annað, sem og skyldur til fyrirtækja til að skila inn gögnum. Rétt er að íþyngjandi kröfur sem áhrif hafa á atvinnurekstur komi með skýrum hætti fram í lögum.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir